

skal vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkv. gjaldskránni. Þóknun oddamanns greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af váttryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi fógæti eða sýslumaður skipar. Fyrir slíkt yfirmat greiðist tvöfalt gjald, samkv. ofangreindri gjaldskrá $\frac{1}{3}$ til hvers. Kostnað við yfirmat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkv. reikningi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

22. október 1971.

Nr. 206.

REGLUGERÐ um starfskjör á póst- og símastöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja ákvæðum í kjarasamningum opinberra starfsmanna, fá mánaðarþóknun vegna starfa við póst og síma á eftirtöldum stöðvum, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

- kr. 21 300.00 Póst- og símastöð: Breiðdalsvík.
- 20 400.00 Póst- og símastöð: Króksfjarðarnes, Reynihlíð, Reykholt, Varmahlíð, Skagaf., Eiðar, Fosshóll, Svignaskarð, Staðarhóll, Hella, Skarðshlíð, Skútustaðir, Borgarfjörður.
Símastöð: Breiðamýri, Galtafell, Hvanneyri, Stöðvarfjörður.
Póststöð: Garðakauptún.
- 18 700.00 Póst- og símastöð: Eyrarbakki, Hrísey, Tálknafjörður, Grenivík, Eyrarkot, Skógar, Ásar, Gnúp., Vogar, Gerðar.
- 17 900.00 Póst- og símastöð: Súðavík, Stokkseyri.
Símastöð: Munkaþverá, Ásgarður í Grimsnesi, Mælifell.
- 16 700.00 Póst- og símastöð: Fossvellir, Neðri-Brunná, Bólstaðarhlíð, Minni-Borg, Húsatóftir, Síðumúli, Bakkafjörður, Hallormsstaður.
Símastöð: Arnarstapi, Mýrum, Bægisá.
Póststöð: Stöðvarfjörður.
- 15 800.00 Póst- og símastöð: Dranganes, Stóru-Akrar.
Símastöð: Hjarðarfell, Gaulverjabær.
- 14 200.00 Póst- og símastöð: Seljaland, Ás, Skarð, Ásgarður, Dölum, Staðarfell, Bifröst, Kirkjuból.
Símastöð: Eyrarland, Villingaholt, Hnausar, Haganesvík.

- 13 200.00 Póst- og símastöð: Varmahlíð, Rang., Ingólfsfjörður, Hjalteyri, Dykkvibær.
Símastöð: Flaga, Hjaltastaður.
Póststöð: Laugar, Haganesvík.
- 9 200.00 Póst- og símastöð: Hafnir.

Starfspóknunin er miðuð við 1. september 1971 og felur í sér greiðslu fyrir aðstoð vegna forfalla. Auk þess skal greiða orlofsfé samkvæmt orlofslögum.

Á þessum stöðvum má setja það sem skilyrði, að stöðvarstjóri sjái fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu, gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til næsta skattstjóra og síðan áfram til ríkisskattanefndar.

Ef viðskiptamagn stöðvar er meira en sem svarar fullu starfi eins manns, getur póst- og símamálastjórn ákveðið sérstaka greiðslu fyrir aðstoð.

2. gr.

Þóknun fyrir rekstur stöðvar, þar sem þjónustutími er 2 eða 4 klst. á virkum dögum og 3 klst. á helgidögum er sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

1. Föst ársþóknun: Kr. 12 500.00, ef þjónustutími er 2 klst. á virkum dögum, en kr. 25 000.00, ef þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum.
2. Kr. 13.50 fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum eða hvert útfarið símskeyti, og eru þjónustusímtöl og þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.
3. Kr. 435.00 á ári fyrir hvern símnotanda.

Við ofanefnda heildarþóknun, sem er miðuð við 1. september 1971, bætist orlofsfé, samkvæmt orlofslögum. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, svo og forföll.

3. gr.

Þóknun samkvæmt 1. og 2. gr. hækkar 1. janúar 1972 um 7,50% og 1. júlí 1972 um 4,34%.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla þóknun samkvæmt reglugerð þessari eftir kaupgreiðsluvisitölu er kauplagsnefnd reiknar. Við setningu reglugerðarinnar er miðað við kaupgreiðsluvisitölu 100.0 stig.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofanefndra stöðva, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða annað hvert ár.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöðvar verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinar fer fram, ákveður Póst og símamálastjórn til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fyrri reglugerð, frá 14. desember 1967, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.